

Ísafjarðarbær
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

13022-002

2.3.2022

1

Lagning 66 kV jarð- og sæstrengs milli Mjólkár og Bíldudals og sæstrengs yfir Arnarfjörð

Landsnet vinnur að undirbúningi framkvæmda vegna lagningar nýs 66 kV jarðstrengs á milli Mjólkár og Bíldudals með sæstreng yfir Arnarfjörð. Fyrirhugaður strengur er hluti af stærra verkefni við að styrkja flutningskerfið á sunnanverðum Vestfjörðum. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að auka áreiðanleika raforkuafhendingar á sunnanverðum Vestfjörðum. Verkefnið felst í lagningu á um 15 km löngum jarðstreng frá Mjólkársvirkjun í botni Borgarfjarðar, meðfram Þjóðvegi nr. 60 að svæði neðan við Hrafnseyri austan við Auðkúlubót og um 12 km löngum sæstreng þáðan yfir fjörðinn þveran að sunnanverðum Bíldudalsvogi í Vesturbýggð.

Undirbúningur verkefnisins hefur staðið í nokkurn tíma og í apríl 2021 sendi Landsnet tilkynningu um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu í samræmi við þágildandi lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þann 26. júlí 2021 gaf Skipulagsstofnun út ákvörðun sína um að framkvæmdin skyldi ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum. Við hönnun strengsins hefur landtaka hans við Hrafnseyri verið færð til austurs frá því sem áður var ætlað, þ.e. á stað neðan Hrafnseyrar austan Auðkúlubótar. Ekki er talið að breytingin hafi í för með sér breytt umhverfisáhrif og því ekki þörf á að tilkynna breytinguna til Skipulagsstofnunar.

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er ekki gert ráð fyrir strenglögnum á þessum stað, en í greinargerð skipulagsins kemur fram að algjört forgangsatriði sé að bæta afhendingaröryggi raforku í sveitarfélaginu og nágrannasveitarfélögum sem tengjast inn á tengivirki við Mjólkár. Einnig að stefnt skuli að því að raflínur verði lagðar í jörðu þar sem það er kostur, að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er og að æskilegt sé að línur liggja meðfram vegum þar sem landi er þegar raskað.

Landsnet hyggst sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaða strenglögnum auk annarra tilskilinna leyfa en slíkt leyfi þarf að eiga sér stoð í skipulagi sveitarfélagsins.

Fyrir hönd Landsnets er óskað eftir því við sveitarfélagið að gerð verði breyting á gildandi aðalskipulagi þar sem gert verði ráð fyrir fyrirhuguðum jarðstreng eins og lýst er að ofan. Landsnet telur að framkvæmdin sé í samræmi við meginstefnu gildandi aðalskipulags og því geti verið að um óverulega breytingu sé að ræða.

Virðingarfyllt, f.h. Verkís hf.

Erla Bryndís Kristjánsdóttir